

1863. frá amtmanni, og senda síðan dómsmálastjórninni skýrteini um
13. júlím. þinglesturinn.

13. júlím. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útborgun styrks þess, sem veittur er yfirsetukonum.**

Þaræð það er erviðleikum bundið fyrir yfirsetukonur í Eyjafjarðarsýslu að fá í tækan tíma útborgaðan úr jarðabókarsjóði Íslands styrk þann, sem þeim er veittur í fjárlögum á ári hverju, þá hefir sýslumaðurinn í greindri sýslu farið þess á leit, að hlutast verði til um, að landfógetinn borgi honum styrk þenna og skuli hann kvitta fyrir.

Með því nú ekkert er þessu til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, skorar það á yður, herra stiptamtmaður, að segja landfógetanum á Íslandi svo fyrir, sem með þarf, í þessu efni.

13. júlím. **62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun lögregluþjóna í Reykjavík m. m.**

Eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 21. maím. þ. á. sagt álit yðar um skjal nokkurt, er sent hafði verið beina leið til dómsmálastjórnarinnar; í því skjali hafa þeir Árni Gíslason og Alexius Árnason, lögregluþjónar í Reykjavíkur kaupstað, kvartað yfir því, að Steenberg, fimleikskennari við hinn lærða skóla, hafi enn á hendi störf yfirréttarþjónsins og fangavarðarins þar, og fái laun þau og hlunnindi, er þeim störfum fylgja, þrátt fyrir það þó hann fyrir löngu sé hættur að vera lögregluþjónn, og greind störf eigi að vera sameinuð lögregluþjónsstörfunum; svo hafa þeir og sótt um að fá árlega viðbót við laun sín; einnig hefir Alexius Árnason borið sig upp yfir því, að hann ekki hafi fengið neitt svar upp á bréf, er hann áður hafði ritað stjórnarráðinu, um að fá launaviðbót eptir kornverði.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að hin síðast nefnda umkvörtunin verður að álitast að vera ástæðulaus, þarsem hlutað-

eigandi, eptir því sem þér, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá, hafið þegar um nokkurn tíma fengið launaviðbót þá eptir kornverði, sem hann sótti um, áður en hann bar upp umkvörtun þessa, en eptir efni úrskurðar þess, er stjórnarráðið kvað upp um þetta atriði, var ekki ástæða til að láta beinlínis birta honum úrskurðinn; á sama hátt virðist og hin fyrst talda umkvörtunin nú verða að vera burt fallin, eptir að búið er að skipta niður störfum þeim, er Steenberg hafið á hendi, og laununum og hlunnindunum, er þeim voru samfara, á þann hátt, sem gjör er frá skýrt í álitsskjali yðar, en þá ráðstöfun, er þér þannig hafið gjört, samþykkir stjórnarráðið vegna þess, að hún aðeins er bráðabirgðarráðstöfun. Loksins er það að segja viðvíkjandi ósk beiðendanna um að fá árlega viðbót við laun sín, að eigi má við því búast, að slík viðbót verði veitt úr ríkissjóðnum, og ef því nauðsyn þykir til bera að hækka launin, einkum laun tveggja elztu lögregluþjónanna, þá er ekki annað fyrir, eins og þér hafið á vikið, en að snúa sér í því efni til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, og verður stjórnarráðið að fela yður, herra stiptamtmaður, að gjöra það, sem þörf er á í því tilliti.

1863.
13. júlím.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.

13. júlím.

Eptir að stjórnarráðið hefir meðtekið bréf yðar, herra amtmáður, dags. 1. f. m., um það, hvort Gísli bóndi Jónsson á Saurum, — sem með hæstaréttardómi 23. júnímán. 1859 var dæmdur til að þola 15 vandarhagga refsing, en þeirri hegning var með konungsrúrskurði 26. júlímán. 1861 breytt í þrisvar sinnum 5 daga vatns og brauðs fangelsi, og hafið hann í haust eð var byrjað að þola hegning þessa, — nú sè fær til að þola það, sem eptir er af hegningunni, skal nú skorað á yður að hlutast til um, að Gísli Jónsson tafarlaust verði látinn afplána það af hegningunni, sem hann átti eptir, svo framarlega sem heilsufar hans ekki er því til tálmunar.